

TIL: Bæjarráðs

FRÁ: Rósu Steingrímsdóttur fjármálastjóra

EFNI: Dómur frá 05.03.2015 Nr. 381/2014, Fjármagnstekjuskattur

Í ársreikningi Hafnarfjarðarbæjar hefur fjármagnstekjuskattur vegna sölu á hlutabréfum í Hitaveitu Suðurnesja hf. (HS Orku hf.) verið gjaldfærður og skuldfærður miðað við rökstudda afstöðu sveitarfélagsins að söluhagnaðurinn ætti að skattleggjast í 10% þrepi. Ágreiningur hefur verið í málinu og er honum lýst í stuttu máli í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar í ársreikningum sveitarfélagsins og í skýringu 20 (ársreikningur 2013). Þar er greint frá málavöxtum og fram kemur að skuld skv. Tollstjóra í árslok 2013 hafi verið 401 millj. kr. en í bókum sveitarfélagsins 79 millj. kr. Á þeim tíma var ágreiningur í málinu og niðurstaða óviss og því var fært í reikningssskil þá skuld sem stjórnendur mátu að komi til með að falla á sveitarfélagið miðað við líklega niðurstöðu og greint frá ágreiningi í skýringu. Nú hefur dómur fallið og á þá vegu að bænum ber að greiða miðað við 15% skattþrep auk þess að greiða ríkinu 1 m kr. í málskostnað og rúmlega 1 m.kr í lögfræðiaðstoð.

Gerður var samningur um endurgreiðslu heildarkröfu og greitt alls 165 m kr. 2014 auk þess sem endurkræfur VSK að upphæð 247 m kr. var skuldajafnaður og hefur því skuldin verið að fullu greidd og hefur dómurinn því ekki áhrif á sjóðstreymi ársins 2015.

Áhrifin á rekstur eru eftirfarandi:

Fj.tsk mismunur á 15% eða 10%	- 278.414.392
Mismunur vextir annar höfuðstóll	- 54.372.230
	<u>- 332.786.622</u>

Með kveðju,  
Rósa Steingrímsdóttir